

6. bekkur sjónlistir

Kennarar: Lára Thors

Lýsing

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat, þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta menningar. Nemendur fá að tjá sig og allir hafa hæfileika til að skapa.

Myndmennt er skapandi námsferli þar sem nemandi þróar leikni sína í ólíkum nálgunum t.d. í teikningu, málun, mótun, þrykki, klippiaðferð og skjámiðlum.

Markmið

Markmið með kennslu í sjónlistum hjá 6. bekk er að nemendur átti sig betur á mikilvægi myndbyggingar, læri mikilvægi skissugerðar sem hluti af vinnuferli og þekki hugtakið fjarvidd sem og að geta unnið einföld verk í fjarvidd með sjónhæðarlínu og hvarfapunkti. Einnig að geta teiknað mynd eftir uppstillingu og geti lýst skoðun sinni á myndlist.

Námsefni

Ýmis efni og áhöld.

Kennsluaðferðir

Ýmis verkefni frá kennara, einstaklingsvinna, umræður og fl.

Námsmat

Metin er frammistaða og vinnusemi, símat.

Sjónlistir fyrir 5.- 7. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Sjónlistir fyrir 5.- 7. bekk - Sjónlistir

- Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.
- Fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur.
- Greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.
- Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- Byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu.
- Gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð.
- Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.
- Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.
- Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.
- Greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka.